

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 5/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 372/2007 frá 2. apríl 2007 þar sem mælt er fyrir um bráðabirgðaflæðimörk fyrir mýkiefni í þéttingum í lokum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽²⁾, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 97, 12.4.2007, bls. 70.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/225/EB frá 3. apríl 2007 um samræmda vöktunaráætlun Bandalagsins fyrir árið 2007 í því skyni að tryggja að virt séu ákvæði um hámarksgildi varnarefnaífa í og á kornvörum og öðrum tilteknum vörum úr jurtaríkinu og um landsbundnar vöktunaráætlanir fyrir árið 2008 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/26/EB frá 7. maí 2007 um breytingu á tilskipun 2004/6/EB að því er varðar framlengingu gildistíma ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/331/EB frá 3. maí 2007 um vöktun á innihaldi akrýlamíðs í matvælum ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/27/EB frá 15. maí 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir etoxasól, indoxakarb, mesósúlfúrón, 1-metýlsýklóprópen, MCPA og MCPB, tólýflúaníð og trítíkónasól ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 92, 3.4.2007, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 96, 11.4.2007, bls. 21.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 118, 8.5.2007, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2007, bls. 33.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 31.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
„– **32007 L 0027**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/27/EB frá 15. maí 2007 (Stjtið. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 31).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzm (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/6/EB):
„, eins og henni var breytt með:
– **32007 L 0026**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/26/EB frá 7. maí 2007 (Stjtið. ESB L 118, 8.5.2007, bls. 5).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzq (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/363/EB):
„54zzzr. **32007 R 0372**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 372/2007 frá 2. apríl 2007 þar sem mælt er fyrir um bráðabirgðaflæðimörk fyrir mýkiefni í þéttingum í lokum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtið. ESB L 92, 3.4.2007, bls. 9) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 97, 12.4.2007, bls. 70.“
4. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 61. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2006/583/EB):
„62. **32007 H 0225**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/225/EB frá 3. apríl 2007 um samræmda vöktunaráætlun Bandalagsins fyrir árið 2007 í því skyni að tryggja að virt séu ákvæði um hámarksgildi varnarefnaleifa í og á kornvörum og öðrum tilteknum vörum úr jurtaríkinu og um landsbundnar vöktunaráætlanir fyrir árið 2008 (Stjtið. ESB L 96, 11.4.2007, bls. 21).
63. **32007 H 0331**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/331/EB frá 3. maí 2007 um vöktun á innihaldi akrýlamíðs í matvælum (Stjtið. ESB L 123, 12.5.2007, bls. 33).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 372/2007, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 97, 12.4.2007, bls. 70, tilskipana 2007/26/EB og 2007/27/EB og tilmæla 2007/225/EB og 2007/331/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.